

Fréttatilkynning frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

Efni: sölustöðvun og innköllun af markaði á Eðalsölvasósu, Fjallagrasasósu og Kobuþarasósu frá Íslenskri hollustu.

Íslensk hollusta ehf. hefur, í samráði við Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, ákveðið að innkalla af markaði Eðalsölvasósu, Fjallagrasasósu og Kobuþarasósu þar sem sósurnar innihalda sojasósu sem aftur inniheldur hveiti. Hveiti er ekki gefið upp í innihaldslýsingu. Unnið er að því endurmerkja vörurnar.

Hveiti og afurðir búnar til úr þeim eru á lista yfir ofnæmis – og óþolsvalda og því varasamar fyrir ákveðna neytendahópa. Tekið skal fram að vörurnar eru skaðlausar neytendum sem hafa ekki ofnæmi eða óþol fyrir hveiti (glúten).

Neytendur sem eiga vöruna og hafa ofnæmi fyrir hveiti eða hveitiafurðum er bent á að neyta hennar ekki og skila við fyrsta tækifæri til Íslenskrar hollustu að Skútahraun 7, Hafnarfirði. Einnig má hafa samband í síma 561-3064

Frekari upplýsingar veitir Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis í síma 550-5400 eða í gegnum netfangið hkk@heilbrigdiseftirlit.is.